

Útbúa aðgerðaáætlun vegna fatlaðra

Geðhjálp útbýr nú aðgerðaráætlun fyrir vinnustaði sem stuðla á að því að rétt sé brugðist við þegar andleg veikindi koma upp. Geðsjúkir missa oft vinnuna þegar þeir veikjast og eru þeir stærsti hópur öryrkja á landinu. Vinnustaðir hafa leitað til Geðhjálpár eftir aðstoð við það hvernig best er að taka á svona málum.

Fólk sem á við geðræn vandamál að stríða missir oft vinnuna vegna sjúkdómsins. Réttindi þeirra sem veikjast af geðsjúkdómum eru þau sömu og þeirra sem veikjast af öðrum sjúkdómum. Í sumum tilfellum hefur verið brotið á fólkinu. Sagt var frá því í fréttum í gær að maður á fertugsaldri sem stríðir við þunglyndi og kvíðaröskun hefur misst 12 störf á liðnum árum og kona með sama sjúkdóm hefur hrökklast úr vinnu vegna eineltis.

„Einn stærsti öryrkjahópurinn á Íslandi í dag er hópur sem á við geðræn eða andleg veikindi að stríða,“ segir Kristín Tómasdóttir. Geðhjálp vinnur nú að aðgerðaáætlun fyrir vinnustaði sem þeir geta stuðst við þegar upp koma andleg veikindi. „Til okkar hafa leitað vinnustaðir þar sem verið er að óska eftir þessari aðstoð og ráðleggingu um hvernig er best að taka á ákveðnum málum.“

Kristín segir að með aðgerðaáætluninni aukist líkurnar á því að tekið sé faglega á málum á vinnustaðnum, öryggis sé gætt og tryggt að ekki sé brotið á réttindum starfsmannsins. „Með svona tækjum getum við komið í veg fyrir slík óþarfa mál.“